

Ed.

41. Tillaga

til þingsályktunar um landhelgisgæzlu fyrir Vestfjörðum, ásamt eftirliti með fiskiflotanum.

Flm.: Jón A. Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta að jafnaði eitt varðskipanna annast landhelgisgæzlu, svo og eftirlit með fiskiskipum, fyrir Vestfjörðum á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember og 1. janúar til 15. febrúar ár hvert.

Á s t æ ð u r .

Tillaga sama efnis hefir, af mér og öðrum, verið borin fram á undanförunum þingum, og vísast til þess, sem þar hefir verið sagt.

Nánar við framsögu.